

-samstarfsaðilasamningur - 2025 -

Markaðsstofa Vesturlands ehf. (MSV) er í eigu og rekin af Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV) en jafnframt eru gerðir samstarfssamningar við þjónustuaðila sem starfa á Vesturlandi og vilja koma að og taka þátt í starfsemi MSV.

Markaðsstofa Vesturlands ehf. (MSV) er samstarfsvettvangur til að vinna að ímynd og ábyrgri kynningu og markaðssetningu á áfangastaðnum Vesturlandi, ásamt því sem þar er í boði að sjá og upplifa.

MSV er rekin undir Áfangastaða- og Markaðs sviði SSV samhliða Áfangastaðastofu Vesturlands (ÁSV).

<https://ssv.is/afangastada-og-markadssvid/>

Áfangastaða- & Markaðs svið SSV (Á&M) vinnur samkvæmt stefnumótun, markmiðum og áhersluverkefnum sem sett eru fram í [Áfangastaðaáætlun Vesturlands](#) (ÁSÁ.Vest.).

Markaðsstofur landshlutanna (MAS) eru sjö talsins; þ.e. á Vesturlandi, Vestfjörðum, Norðurlandi, Austurlandi, Suðurlandi, Reykjanesi og Höfuðborgarsvæðinu. <https://www.markadsstofur.is/>

Markaðsstofurnar starfa hver í sínum landshluta að markaðs- og kynningarmálum. En þær hafa einnig með sér mikið samstarf og eru í formlegu samstarfi við Íslandsstofu og Ferðamálastofu varðandi málefni sem snúa að markaðs- og kynningarmálum hver fyrir sinn landshluta, - og taka þátt í samstarfsverkefnum í kynningarmálum fyrir áfangastaðinn Ísland sem heild.

Markaðsstofurnar reka sameiginlega kynningar- og markaðsvef sem skipt er upp í landsvæði eftir starfssvæðum markaðsstofanna, sjá: Vesturland.is. Hver markaðsstofa heldur utan um framsetningu og rekstur á sínum kynningarvef, en hægt er að smella af einum landshluta yfir á annan. Þessir kynningarvefir eru líka undirvefir undir opinberum kynningarvef fyrir áfangastaðinn Ísland www.visiticeland.com

Markaðsstofur landshlutanna gegna því mikilvægu hlutverki varðandi opinbera markaðssetningu og kynningu á áfangastaðnum Íslandi og hver á sínum landshluta, bæði sem samráðsvettvangur í héraði og tengiliður í samstarfi milli ríkis, sveitarfélaga, ferðaþjónustufyrirtækja og annarra hagaðila varðandi ferðamál og þróun ferðaþjónustunnar.

Allar markaðsstofurnar bjóða þjónustuaðilum sem starfa á þeirra svæði að gera samstarfssamning, til að þjónustuaðilar geti verið formlegur samstarfsaðili að markaðsstarfi viðkomandi landshluta, og þar með að opinberri markaðssetningu og kynningu á Íslandi sem eftirsóknarverðum áfangastað.

Markaðsstofur landshlutanna eru með samstarfssamninga við um 1000 ferðaþjónustuaðila sem starfa á landsbyggðinni og er það mjög dýrmætt samstarf, þar sem starfsemi hvers markaðsstofu verður öflugri eftir því sem fleiri hagaðilar koma að henni og leggja sitt af mörkum til starfsins.

Með samstarfssamningi hagaðila ferðaþjónustunnar við Markaðsstofu Vesturlands fá samstarfsaðilarnir m.a. ýtarlegri skráningu, upplýsingar og myndir af sinni þjónustu á markaðs- og kynningarvef landshlutans og þar með í opinberri kynningu á Íslandi.

Einnig fá samstarfsaðilar aðgang að ýmsu markaðsefni, söluverkfærum og stoðverkefnum á vegum MSV sem geta nýst í framþróun, kynningu og markaðssetningu á fyrirtækjum þeirra og þjónustu, en ekki síður eftir svæðið sem áfangastað. Einnig fá samstarfsaðilar tækifæri til að taka þátt í Mannamótum markaðsstofanna sem er mjög öflugur kynningarvettvangur, uppskeruhátíð MSV, auk fleiri viðburða og verkefna.

Samstarfsaðildin miðast við 1. janúar ár hvert og samstarfsaðilar greiða árgjald til MSV. Það er gjald fyrir grunnskráningu, síðan er boðið upp á sérskráningu á kynningarvef Vesturlands fyrir fleiri þjónustuflokka samstarfsaðila. Þeir sem hafa greitt grunngjaldið fyrir samstarfsaðild geta tekið þátt í þróunar- og markaðsstarfi MSV næstu 12. mánuði.

-samstarfsaðilasamningur - 2025 -

Samstarfssamningur Markaðsstofu Vesturlands(MSV) 2025 - árgjald og grunnskráning:
49.000 kr. + VSK.

***Markaðsstofa Vesturlands og þeir hagaðilar ferðamála á Vesturlandi sem skrá sig í samstarf við MSV sammælast um að vinna saman að eftirfarandi áherslum:**

SAMSTARFSAÐILD + GRUNNKRÁNING og það sem henni fylgir:

- **Samstarfsaðilar** fylla út skráningarform MSV með grunnupplýsingum um sína starfsemi
 - Skráningin er jafnframt skráning á póstlista MSV
 - Aðgangur að þátttöku í stefnumótunar- og þróunarverkefnum MSV
 - Forgangur á skráningu á prentað markaðsefni sem MSV gefur út og inniheldur skráningu samstarfsaðila á viðkomandi svæði
- **Réttur til þátttöku** á MANNAMÓTUM – sameiginlegri sýningu MAS á ferðaþjónustu landsbyggðarinnar - (sér skráning á sýninguna og kostnaðar/þáttökugjald á hverju ári)
 - Forgangur vegna þátttöku á námskeiðum sem haldin eru í samstarfi við MSV
 - Forgangur vegna þátttöku í áhersluverkefnum sem haldin eru í samstarfi við MSV
- **Réttur til þátttöku** í boðuðum vettvangsferðum og/eða uppskeruhátíð ferðaþjónustunnar á Vesturlandi - (sér skráning og kostnaðar/þáttökugjald á hverju ári)
- **Grunnskráning viðkomandi samstarfsaðila á kynningar- og markaðsvef MSV** www.vesturland.is / www.westiceland.is / www.west.is sem birtist þá einnig inn á opinberum kynningarvef fyrir Ísland www.visiticeland.com og inn á www.ferdalag.is vef Ferðamálastofu sem kynni alla leyfishafa ferðaþjónustu á Íslandi.
- **MÖGULEGAR VIÐBÆTUR VIÐ SKRÁNINGU Á KYNNINGAR- OG MARKAÐSVEF:**
- **Sérskráning á annarri þjónustu** hjá skráðum samstarfsaðila á kynningar- og markaðsvef MSV www.vesturland.is / www.westiceland.is / www.west.is Þ.e. sérskráningu fyrir þjónustuflokka sem sett er upp á vefnum með sama hætti og grunnskráning á þjónustu - með upplýsingum, myndum og veftenglum fyrir þá þjónustu sem rekin er undir sömu kennitölu og sama stað og skráð með tengingu við grunnskráningu hjá samstarfsaðila.

Til umhugsunar:

Það er mjög mikilvægt að þjónusta sem er í boði á Vesturlandi sé skilmerkilega skráð á kynningarvefinn – til að þær upplýsingar nýtist ferðafólki sem er að leita eftir upplýsingum um hvað er í boði á Vesturlandi. (DÆMI: ef samstarfsaðili er með **hótelrekstur** þar sem fleiri aðilar en næturgestir geta komið inn og keypt þjónustu t.d. á **veitingastað, bar, fundaaðstöðu** eða farið í **spa** - þá er **mjög mikilvægt að skrá þá þjónustu sérstaklega í sérskráningu.**)

Þjónusta samstarfsaðila sem er með sérskráningu birtist þá og er kynnt á vefnum undir sértækri skráningu sem er eins og grunnskráning samstarfsaðila - með ýtarupplýsingum og myndum. (aðeins er tekið þjónustu- og umsýslugjald fyrir þessar skráningar 7.500 kr. + VSK á skráningu)

Sérskráningar skapa miklu betri kynningu á þjónustunni - þar sem þjónusta flokkast og birtist þá alltaf á réttum stað og þjónustuaðilinn fær fleiri birtingar á vefsíðunni. (DÆMI: ef samstarfsaðili ef samstarfsaðili er með **hótelrekstur** þar sem fleiri aðilar en næturgestir geta komið inn og keypt þjónustu t.d. á **veitingastað,**



-samstarfsaðilasamningur - 2025 -

bar, fundaaðstöðu eða farið í **spa** - með einni grunnskráningu sem fylgir samstarfsaðild væri skráð **“Hótel”** og skráningin birtist á vefsíðunni okkar undir: <https://www.west.is/is/gisting-og-veitingar/gististadir/hotel>

The screenshot shows the website's navigation menu with 'Gisting og veitingar' circled in yellow. The sidebar on the left has 'Gisting' and 'Hótel' circled in yellow. A red box highlights the text: 'Rauði hringurinn sýnir eina staðinn á síðunni sem skráning fyrir „Hótel“ birtist undir.' Below this, a list of services is shown, with 'Hótel' circled in red. A text box on the right contains information about the booking process and costs.

ATHUGIÐ:

ÞVÍ MEIRI ÞJÓNUSTA SEM ER SKRÁÐ INN Á OPINBERA KYNNINGAR- OG MARKAÐSVEFINN FYRIR ÁFANGASTAÐINN VESTURLAND www.vesturland.is / www.westiceland.is / www.west.is ÞVÍ ÖFLUGRI VERÐUR VEFURINN FYRIR ÖLL!!

- *vefurinn gefur betri upplýsingar um hvaða þjónusta er í boði á Vesturlandi
- *beta er að kynna vefinn sem verkfæri fyrir fólk að nota í undirbúning og ferðaskipulag
- *það er eftirsóknarverðara fyrir gesti að nýta sér vefinn í upplýsingagjöf á ferð um Vesturland
- *það er úr meiru að móða fyrir fólk að nota vefinn til að kynna, markaðssetja og selja ferðir á Vesturland

ÞAÐ ER EINFALDLEGA HAGUR OKKAR ALLRA AÐ GERA OPINBERAN KYNNINGAR- OG MARKAÐSVEF FYRIR ÁFANGASTAÐINN VESTURLAND ENN ÖFLUGRI – VINNUM SAMAN AÐ ÖFLUGU MARKAÐSSTARFI

Starfsemi og þjónusta Markaðsstofu Vesturlands

VEFURINN - MARKAÐSSETNING OG KYNNING

www.vesturland.is / www.westiceland.is / www.west.is : Grunnskráning á vefnum sem er opinber kynningarvefur ferðaþjónustu á Íslandi á tveimur tungumálum. Þessir kynningarvefur er líka undirvefur undir opinberum kynningarvef fyrir áfangastaðinn Ísland www.visiticeland.com

Þessir vefir byggja á upplýsingum sem skráðar eru og sóttar í skráningu ferðaþjónustunnar í gagnagrunni Ferðamálastofu. Grunnkráning samstarfsaðila og uppfærsla á skráningu á vef MSV uppfærast einnig í gagnagrunni Ferðamálastofu www.ferdalag.is

Samstarfsaðilar MSV geta fengið ráðgjöf og aðstoð vegna skráningar ýtarupplýsinga í gagnagrunn FMS og kynningarsíðu Vesturlands.

SAMFÉLAGSMÍÐLAR

Markaðsstofa Vesturlands heldur úti síðum á helstu samfélagsmiðlum.

- [Facebook Visit West Iceland](#) – Til markaðssetningar erlendis
- [Facebook Velkomin á Vesturland](#) – Til markaðssetningar innanlands
- [Facebook Markaðsstofa Vesturlands](#) – Fréttir til samstarfsaðila og annarra innanlands
- [Facebook Viðburðir á Vesturlandi](#) – Auglýsa viðburði á Vesturlandi
- [Facebook group Travel West Iceland \(p2p\)](#) – Samskipti á milli hagaðila á Vesturlandi
- [Instagram West Iceland](#) – Til markaðssetningar erlendis

Borðkort – yfirlitskort af Vesturlandi

Markaðsstofa Vesturlands gefur út borðkort með yfirlitsmynd af öllu Vesturlandi þar sem áhugaverðir staðir og aðgengilegir áningarstaðir eru merktir inn.

Einnig eru staðsetningar samstarfsaðila MSV merktar með númeri á kortið og upplýsingar um þá listaðar upp á bakhlíð kortsins, ásamt ýmsum gagnlegum upplýsingum fyrir ferðafólk.

Allir geta fengið ókeypis blokkir með borðkortinu til að gefa ferðafólki og nota til að veita upplýsingar og vísa gestum til vegar á Vesturlandi.

Mannamót Markaðsstofa landshlutanna

Markaðsstofur landshlutanna standa sameiginlega að ferðakaupstefnu og stefnumóti þar sem þjónustuaðilar af landsbyggðinni leggja leið sína á höfuðborgarsvæðið og halda sameiginlega sýningu til að kynna starfsemi sína fyrir ferðaskipuleggjendum og söluaðilum ferða.

Samstarfsaðilar markaðsstofanna hafa kost á því að taka þátt í Mannamótum Markaðsstofa landshlutanna fyrir lágmarkskostnað. Ferðaþjónustuaðilar á Vesturlandi sem eru með virkan samstarfssamning við MSV skrá þátttöku hjá Markaðsstofu Vesturlands ár hvert.

Tilgangur Mannamóta er að efla tengslanet ferðaþjónustunnar á landsbyggðinni og kynna ferðaþjónustufyrirtækin fyrir öðrum ferðaþjónustuaðilum, ferðaskrifstofum og ferðaskipuleggjendum til að koma á viðskiptasamböndum.

MSV hefur líka notað þetta tækifæri til að efla tengslanet sinna samstarfsaðila og nota þessa ferð til að gera sér dagamun í Höfuðborginni.

Ferðasýningar og vinnustofur

Markaðsstofa Vesturlands tekur þátt í ferðasýningum bæði hér heima og erlendis þar sem landshlutinn sem heild og samstarfsaðilar MSV eru kynntir. Hér má nefna t.d. Icelandair [Mid-Atlantic](#) og [Vestnorden](#).

Einnig tekur MSV þátt í ferðasýningum og vinnustofum erlendis í samstarfi við Íslandsstofu þegar tækifæri er til, þar sem ferðast er milli valinna staða og fundað með ferðaskrifstofum þar sem selja ferðir til Íslands.

-samstarfsaðilasamningur - 2025 -

Ferðasala- áhrifavalda- og blaðamannaferðir

Markaðsstofan, í samstarfi við Íslandsstofu, skipuleggur ferðir um landshlutann, fyrir ferðaskrifstofur, áhrifavalda og blaðamenn þegar tækifæri er til.

Í þessum ferðum er lögð áhersla á að kynna náttúru og sérstöðu landshlutans, áhugaverða staði og upplifun, auk þess sem er í boði hjá samstarfsaðilum MSV hvað varðar áhugaverða upplifun í afþreyingu, veitingar og gistingu í landshlutanum.

Markaðsstofan leitar þá eftir samstarfi við þá þjónustuaðila sem eru með samstarfssamning við MSV, varðandi móttöku á þessum aðilum.

Þeir samstarfsaðilar sem eru tilbúnir til að taka þátt í þessari gestamóttöku með MSV og bjóða slíkum gestum til sín, geta oft byggt upp viðskiptatengsl og fá jafnvel einhverja auka kynningu í umfjöllun viðkomandi aðila um ferðina.

Það er því til mikils að vinna fyrir bæði MSV og samstarfsaðila að hægt sé að skipuleggja svona ferðir um Vesturland sem oftast, til að auka umfjöllun og kynningu á landshlutanum.

Upplýsingar um áfangastaðinn Vesturland

Markaðsstofan fær oft fyrirspurnir bæði frá innlendum og erlendum ferðaaðilum, bæði skrifstofum, skipuleggjendum og heildsölum. Einnig frá höfundum greina í ferðatímaritum, vefmiðlum og ferðahandbókum, sem vilja fá upplýsingar um ýmsa þætti varðandi ferðalög um Vesturland.

Þá er miðlað til þeirra almennum upplýsingum um landshlutann, um áhugaverða áningarstaði og þjónustu, auk þess sem við bendum á samstarfsaðila okkar eins og ástæða er til út frá erindinu og sendum viðkomandi aðilum hlekki á netmiðla og stafrænt markaðsefni MSV.

Ferðapakkar og þemaferðir

Markaðsstofa Vesturlands er alltaf í þróunarvinnu til að auka veg ferðþjónustu á Vesturlandi og stuðla að auknu framboði á ferðaupplifun í landshlutanum. Í þessari vinnu er leitað til samstarfsaðila varðandi þátttöku og sýnileika ýmsum átaksverkefnum, þema- og ferðapökkum til að efla markaðssetningu og sölu á þjónustu á svæðinu. Þessar ferðapakkar eru svo kynntir sérstaklega á vefmiðlum MSV og í öðru kynningar- og markaðsstarfi á vegum Markaðsstofu Vesturlands.

Ferðaleiðir

MSV kemur að þróun á ferða- og þemaleiðum um svæðin fjögur á Vesturlandi; þ.e. svæðið sunnan Skarðsheiðar - Hvalfjörður og Akranes, Borgarfjörður og Borgarnes, Snæfellsnes og Dalir.

Ferðaleiðir eru skilgreindar leiðir um afmörkuð svæði þar sem sérstaða og þjónusta svæðisins er nýtt til að draga fram tilgreind þemu og mögulega upplifun í ferðalagi um viðkomandi svæði. Þessir eiginleikar ferðasvæðisins eru listaðir upp í máli og myndum og kynntir sérstaklega í markaðs- og kynningarvinnu MSV.

Þátttaka samstarfsaðila MSV í ferðaleiðavinnu felur í sér að hag- og þjónustuaðilar komi sér saman um ákveðin gildi og framsetningu sem varða aðgengi og þjónustu til þess að móta heilðræna upplifun fyrir gestinn sem velur að ferðast um skilgreint svæði og nýta það kynningarefni sem sett hefur verið fram um ferðaleiðina.

Ferðaleiðir styrkja ímynd svæða, koma sérstöðu svæðisins á framfæri og styðja við markaðsetningu.

Samstarfsverkefni og nýsköpun

Markaðsstofa Vesturlands stendur stundum fyrir eða er samstarfsaðili að ýmsum samstarfs- og fræðslufundum, vöruþróun, málþingum, námskeiðum ofl. Þar sem samstarfsaðilar geta haft tækifæri til þátttöku eða geta nýtt sér á margvíslegan hátt til að styrka sína starfsemi og efla mannauð sinna fyrirtækja.

Samstarfsaðilar MSV hafa líka aðgang að samtali og ráðgjöf frá starfsfólki MSV varðandi nýsköpun, vöruþróun, styrkumsóknir, markaðsmál ofl.

Aðgengileg og ánægjuleg upplifun sem byggir á sérstöðu svæðisins og öflug gæða ferðaþjónusta á Vesturlandi er hagur okkar allra.

Áfangastaðurinn Vesturland - ánæguleg upplifun – til að dvelja og njóta.

UPPLÝSINGAR FRÁ ChatGPT – svar við spurningunni: Notar ferðafólk opinbera kynningar- og markaðsvefi Íslands?:

Já, stórt hlutfall ferðafólks notar opinbera ferðavefi Íslands til að fá upplýsingar um ferðalög til landsins.

Visit Iceland er opinberi ferðavefur Íslands sem sér um kynningu á landinu sem áfangastað fyrir ferðamenn. Hann er í umsjá Íslandsstofu, sem sér um markaðssetningu landsins á erlendum vettvangi, og gegnir veigamiklu hlutverki í að kynna Ísland fyrir alþjóðlegu ferðafólki.

Markaðsstofur landshlutanna á Íslandi reka opinbera kynningar- og markaðsvefi fyrir hvem landshluta til að kynna ferðamannastaði, afþreyingu, menningu og þjónustu á svæðunum.

Opinberir kynningar- og markaðsvefir eru ein af helstu heimildum fyrir bæði erlenda og innlenda ferðamenn þegar kemur að því að skipuleggja heimsóknir til og um Ísland.

Það eru nokkrar ástæður fyrir vinsældum opinberra kynningar- og markaðsvefja:

1. Traust og opinberar upplýsingar:

- Þar sem Visit Iceland og kynningarvefir landshlutanna eru opinberir ferðavefir, innihalda þeir áreiðanlegar, uppfærðar upplýsingar um áfangastaði, öryggi, reglur og ráðleggingar, sem ferðafólk treystir oft meira en óformlegar heimildir.

2. Fjölbreytt efni:

- Vefirnir bjóða upp á upplýsingar um allt frá náttúruperlum og afþreyingu yfir í menningu, mat, gistingu og upplýsingar um viðburði, sem gerir þá að ahlíða upplýsingagjafa fyrir ferðafólk.

3. Upplýsingar á mörgum tungumálum:

- Visit Iceland og kynningarvefir landshlutanna eru með efni á minnst tveimur tungumálum, sem gerir það auðvelt fyrir ferðafólk af mismunandi þjóðernum að nálgast og yfirfæra efni á sitt móðurmál.

4. Markaðssetning og kynning:

- Vefirnir eru hluti af alþjóðlegum kynningum Íslands á erlendum mörkuðum, og þar af leiðandi er hann oft fyrsta snerting og upplýsingagjöf sem ferðafólk finnur þegar leitað er að upplýsingum um Ísland á netinu.

5. Samstarf við ferðaþjónustuaðila:

- Visit Iceland og kynningarvefir landshlutanna, tengja ferðamenn við viðurkennda ferðaþjónustuaðila, gististaði og ferðir, sem skapar örugga og skipulagða leið fyrir ferðafólk til að bóka þjónustu í gegnum staðfestar heimildir.

Þó margir ferðamenn noti einnig aðrar heimildir, eins og TripAdvisor og samfélagsmiðla, er Visit Iceland og opinberir undirvefir landshlutanna vinsæll kostur fyrir þá sem vilja fá nákvæmar upplýsingar beint frá opinberum heimildum. Fjöldi ferðamanna sem notar þessar síður fer vaxandi þar sem þetta kynningar- og markaðsefni er oft miðpunktur í opinberum kynningum – og markaðsherferðum Íslands á netinu og á ýmsum sýningum og markaðsvettvangi ferðaþjónustu í heiminum.